



Fléttan – farsæld barna

Staða innleiðingar nýrra laga um samþættingu
þjónustu í þágu farsældar barna í Kópavogi

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Desember 2023
Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir
Ingunn Mjöll Birgisdóttir
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Sólveig Norðfjörð

EFNISYFIRLIT

FORSAGA OG AÐDRAGANDI LAGASETNINGAR.....	2
LÖG UM SAMÞÆTTINGU ÞJÓNUSTU Í ÞÁGU FARSÆLDAR BARNNA.....	2
Stigskipt farsældarþjónusta	2
Samþætting þjónustu.....	2
Barnið er hjartað í kerfinu.....	3
Tengiliðir	3
Málstjórar.....	3
Réttindi barna og foreldra og meðferð persónuupplýsinga	4
HAGRÆN OG FJÁRHAGSLEG ÁHRIF.....	4
SAMSTARF MENNTA- OG VELFERÐARSVIÐS KÓPAVOGS.....	5
INNLEIÐING NÝRRRA LAGA UM SAMÞÆTTINGU ÞJÓNUSTU Í KÓPAVOGI.....	6
Mótun verklags í vinnslu	6
Sameiginleg sýn og fræðsla.....	7
FYLGISKJÖL	7

FORSAGA OG AÐDRAGANDI LAGASETNINGAR

Ný löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er afrakstur víðtæks samráðs í málefnum barna og fjölskyldna á Íslandi. Vinna við undirbúning kerfisbreytinganna hófst vorið 2018 með stórrí ráðstefnu þáverandi félagsmálaráðuneytis um snemmtæka íhlutun í málefni barna. Í framhaldi ráðstefnunnar skrifuðu fimm ráðherrar og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu í þeim tilgangi að brjóta niður múra milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Í kjölfarið var skipaður stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna og þingmannanefnd um málefni barna sem vann þvert á flokka. Árið 2019 fór í margþætt samráð við fjölda aðila sem með mismunandi hætti koma að málefnum barna á Íslandi. Í október 2019 var boðað til ráðstefnu um breytingar í þágu barna þar sem helstu niðurstöður samráðsins voru kynntar ásamt áformum um setningu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

LÖG UM SAMÞÆTTINGU ÞJÓNUSTU Í ÞÁGU FARSÆLDAR BARNNA

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi 1. janúar 2022 en gert er ráð fyrir fimm ára innleiðingartímabili. Þessi nýju lög og meðfylgjandi lagabreytingar eiga að stuðla að farsæld barna og eru svar við ákalli til stjórnvalda um að betur sé hlúð að börnum með það að markmiði að þeim farnist vel í lífinu. Um er að ræða lagaumhverfi sem tekur frekar mið af snemmtækum stuðningi en síðbúnari inngripum í líf barna.

Stigskipt farsældarþjónusta

Lögin ná yfir alla þjónustu sem börnum allt frá fæðingu til átján ára aldurs stendur til boða í samfélaginu hvort sem hún er veitt innan skóla-, heilbrigðis- eða velferðarkerfis. Þjónustunni hefur verið stigskipt í 1. 2. og 3. stigs þjónustu og kallast nú farsældarþjónusta en farsæld þýðir að farnast vel í lífinu. Við viljum að þjónusta við börn í samfélaginu okkar miði að því að þau hafi það sem þau þurfa til að komast farsællega inn í fullorðinsárin.

- Á 1. stigi þjónustu er almenn grunnþjónusta sem öllum börnum stendur til boða auk snemmtæks stuðnings. Þjónusta á fyrsta sigi er t.d. daggæsla, leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, frístundir, íþróttir, tómstundir, heilsugæsla og fleira.
- Á 2. stigi þjónustu er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur sem veittur er eftir þörfum s.s. á vegum skólaþjónustu sveitarfélaga, velferðarsviðs eða félagsþjónustu, barnaverndarþjónustu, heilbrigðisþjónustu utan heilsugæslu t.d. inná sjúkrahúsi eða Geðheilsumiðstöð barna.
- Á 3. stigi þjónustu er enn sérhæfðari stuðningur sem hefur það að markmiði að tryggja að farsæld barns sé ekki hættu búin og er oftast veittur af velferðar- eða heilbrigðiskerfi.

Samþætting þjónustu

Með lögunum fylgja engin ný úrræði eða réttur til þjónustu heldur fjalla þau um það hvernig þeir ólíku þjónustuaðilar sem koma að börnum og fjölskyldum eiga að vinna saman að málum þeirra og leita saman að lausnum til að mæta þörfum hverju sinni.

Þegar þjónustuveitendur samþætta þjónustu þá skipuleggja þeir öll úrræði og stuðning á markvissan og samfelldan hátt þannig að tryggt sé að þjónustan sé heildræn og veitt að þeim þjónustuaðilum sem best eru til þess fallnir að mæta þörfum barns og fjölskyldu hverju sinni. Þannig að réttur stuðningur sé veittur á réttum tíma. Það á að skipuleggja samþætta þjónustu þannig að ekki verði rof í

þjónustunni til dæmis vegna aldurs barns eða annarra breytinga. Til að mynda á ekki að myndast rof í þjónustu þegar barn færist milli skólastiga svo sem frá leikskóla í grunnskóla eða grunnskóla í framhaldsskóla, þegar barn flytur milli sveitarfélaga eða breytingar verða hjá þjónustuveitendum.

Barnið er hjartað í kerfinu

Markmiðin með samþættingu þjónustu er að samstarf í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum farvegi og tryggt að barnið sé hjartað í kerfinu. Öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgengi að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þetta eigum við að tryggja meðal annars með nýjum hlutverkum tengiliða og málstjóra.

Önnur nýmæli sem fylgja lögnum eru að allt starfsfólk sem vinnur með börnum og fjölskyldum hvar sem er í samfélaginu á að fylgjast með velferð og farsæld allra barna, bregðast við þörfum fyrir þjónustu snemma og hafa samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi. Þetta þýðir að þjónustuveitendur hafa viðbragsskyldu en í henni felst að það má ekki bara vísa barni og fjölskyldu eitthvað annað heldur þarf þjónustuaðilinn að skoða til hvaða úrræða hann getur gripið til hjá sér áður en hann kynnir samþætta þjónustu og vísar foreldrum til tengiliðs eða málstjóra ef á þarf að halda. Það getur enginn þjónustuaðili lengur sagt „þetta kemur mér eða minni stofnun ekki við“. Leik- og grunnskólar eiga til að mynda ekki bara að bregðast við barnaverndartengdum áhyggjum eða áhyggjum af þroska- eða námsframvindu heldur öllu sem getur ógnað farsæld barns til lengri tíma. Þessi snemmtæki stuðningur sem talað er um í lögnum eru þau fjölmörgu stuðningsúrræði sem byggja á lögum um leik- og grunnskóla, lögum um félagsþjónustu, lögum um þjónustu við fatlað fólk o.s.frv. en engin ný úrræði. Við þurfum samt að halda áfram að þróa úrræðin okkar og þjónustupættina þannig að þeir mæti betur þörfum barnanna og fjölskyldnanna svo að markmið okkar um snemmtækan og samfelldan stuðning náist.

Alls ekki öll börn eru í þörf fyrir samþættingu þjónustu en þegar þörf er á að sérsníða þjónustu að aðstæðum barns eða leita lausna á hjá mismunandi þjónustuveitendum getur verið gott að samþætta þjónustuna þannig að fjölskyldur þurfi ekki að leita á marga staði eftir viðeigandi stuðningi heldur sé það tengiliður eða eftir atvikum málstjóri sem aðstoðar við að finna rétta farveginn.

Tengiliðir

Öll börn og fjölskyldur eiga að hafa aðgang að tengilið í nærumhverfi sínu. Í Kópavogi starfa tengiliðir innan ung- og smábarnaverndar heilsugæslu, í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólanum og á velferðarsviði fyrir ungmenni sem eru ekki í skóla. Hægt er að nálgast upplýsingar um tengiliði á heimasíðu Kópavogsbæjar en einnig hjá stofnununum sjálfum. Tengiliðir veita ráðgjöf um þá þjónustu sem barni og fjölskyldu stendur til boða og taka á móti beiðnum um samþættingu þjónustunnar þegar það á við. Hlutverk tengiliða við samþættingu þjónustunnar er að sjá til þess að gert sé frummat á þörfum barns og fjölskyldu til dæmis með samtölum við foreldra og aðra þjónustuveitendur sem koma að málum barns til dæmis innan leik- og grunnskóla eða annars staðar. Þeir veita svo ráðgjöf um þá þjónustu sem getur mætt þörfunum og tengir fjölskyldu við þá þjónustuaðila sem geta veitt viðeigandi stuðning. Tengiliðir skipuleggja og leiða samþættingu þjónustunnar sem veitt er á 1. stiginu í nærumhverfi barns.

Málstjórar

Ef í ljós kemur að barn þarf aukinn og markvissari stuðning á 2. eða 3 stigi til lengri tíma hefur tengiliður samband við velferðarsvið Kópavogs og útvegar málstjóra. Málstjórar tryggja að gert sé frekara mat á þörfum barns ef á þarf að halda og sjá til þess að stuðningsteymi sé stofnað í kringum barnið sé það

ekki þegar starfandi. Þannig ná þeir þeim þjónustuaðilum að borðinu sem best geta mætt þörfum barns og fjölskyldu hverju sinni. Málstjórar veita stuðningsteymi barns ráðgjöf og stuðning og í sameiningu mótar teymið stuðningsáætlun þar sem m.a. er tilgreint hvert hlutverk allra þjónustuveitenda sem koma að málum barnsins er, markmiðin með samþættingu þjónustunnar, fyrirkomulag hennar og fleira.

Réttindi barna og foreldra og meðferð persónuupplýsinga

Öll þjónusta í þágu barna skal fara fram samkvæmt því sem barni er fyrir bestu. Þau sem veita þjónustu í þágu barna skulu bera virðingu fyrir rétti og skyldum foreldra við ákvarðanatöku um uppeldi barna sinna og sjálfstæðs réttar barna til þess að réttmætt tillit sé tekið til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Þeim sem veita þjónustu í þágu barna ber að stuðla að markvissu samstarfi við foreldra og börn sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti. Til að tryggja samstarf við foreldra og börn og að ekki sé gengið nær einkalífi foreldra og barna en nauðsyn krefur er ekki heimilt að vinna persónuupplýsingar á grundvelli laganna nema fyrir liggi beiðni þeirra um vinnslu eða samþættingu þjónustunnar.

Með undirritun foreldra á beiðni um samþætta þjónustu er vinnsla persónuupplýsinga heimiluð en það þýðir að tengiliðir, málstjórar og annað starfsfólk sem kemur að þjónustu við barnið má skiptast á upplýsingum um það sem skiptir máli fyrir farsæld barnsins. Það starfsfólk sem kemur að samþættingu þjónustu á aðeins vinna með upplýsingar sem skipta máli svo tilgangi samþættingar þjónustunnar sé náð. Allt starfsfólk er bundið þagnaskyldu samkvæmt lögum. Í lögnum er lögð sú skylda á þjónustuveitendur að flytja upplýsingar milli tengiliða og málstjóra ef barn flytur t.d. milli skólastiga eða sveitarfélaga þannig að ekki myndist rof í þjónustunni. Það má hvenær sem er draga beiðni um samþætta þjónustu til baka og endurskoða skal þörf fyrir samþættingu þjónustu reglulega.

Inni á heimasíðunni www.farsaeldbarna.is má nálgast upplýsingar um löggjöfina.

HAGRÆN OG FJÁRHAGSLEG ÁHRIF

Við undirbúning lagasetningarinnar lét félagsmálaráðuneytið gera mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum lagabreytinganna til að áætla heildaráhrif þeirra á ríki og sveitarfélög að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings til lengri tíma. Við fjárhagslega matið voru farnar ákveðnar leiðir til að meta farsæld til fjár. En það var gert með því að skoða frávikin frá farsældinni og fjárhagslegar afleiðingar þeirra. Þá er átt við frávik sem koma í veg fyrir að barn nái líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu. Í barnæsku koma frávikin til að mynda fram sem vanlíðan, náms- og hegðunarvandamál við skólagöngu o.fl. Þau koma einnig fram síðar á lífsleiðinni meðal annars í formi áhættu- og heilsuspillandi hegðunar, sjúkdóma, afbrota, örorku og snemmbærum dauða. Auk skertra lífsgæða valda þessi frávik kostnaði bæði fyrir hið opinbera og samfélagið í heild. Með því að meta þann kostnað má áætla fjárhagslegan ávinning af því að bæta farsældarþjónustu. Umfang ávinnings fer þá eftir árangri breytinganna.

Að skoða áföll í barnæsku er ein leið til að meta farsæld barna bæði á barnsaldri og fullorðinsárum. Með því má áætla kostnað samfélagsins og hins opinbera vegna barna sem lenda í erfiðleikum. Öflug og samþætt farsældarþjónusta byggir á vöktun, skjótum og skilvirkum viðbrögðum og samfelldri þjónustu. Auknar forvarnir og snemmtækum stuðningi er ætlað að koma í veg fyrir sem flest áföll í barnæsku og skjótum og skilvirkum viðbrögðum við áföllum er ætlað að draga úr flekari áföllum. Samfelld og samþætt þjónusta er einnig veitt til að auka seiglu barna við að takast á við áföll þar sem við getum ekki komið í veg fyrir öll áföll. Seigla er skilgreind sem geta einstaklings til að takast á við og

vinna úr áföllum í barnæsku. Hún dregur úr líkum á því að áföll leiði til vandamála síðar á lífsleiðinni. Börn sem upplifa stuðning og vellíðan á heimili, vinahópi, í skóla eða samfélagi almennt sýna mun meiri seiglu. Sé hægt að auka jákvæðar upplifanir má auka seiglu.

Samkvæmt greiningu ráðuneytisins mun það taka nokkur ár fyrir ávinning lagabreytinganna að raungerast en hann kemur smám saman fram yfir æviskeið einstaklingsins. Afkoma hins opinbera batnar við innleiðingu laganna þar sem sparnaður vegna fækkunar frávika frá farsæld vegur þyngra en útgjaldaaukning vegna bættrar þjónustu. Fyrstu árin er kostnaður við innleiðingu laganna hærri en ávinningur og hefur sá kostnaður að hluta verið fjármagnaður. Til lengri tíma vegur ávinningurinn þó mun þyngra, ekki síst þegar sú kynslóð sem fær þjónustu samkvæmt lögunum frá fæðingu kemst út á vinnumarkað. Heildarniðurstaða mats ráðuneytisins er því að samþætting þjónustu í þágu farsældar barna sé arðbær langtímafjárfesting sem bætir afkomu hins opinbera til framtíðar lítið.

Þegar lögin voru samþykkt var samhliða bætt við bráðabirgðaákvæði (XXV) í tekjustofnalögum sveitarfélaga sem kveður á um árlegt framlag ríkisins til sveitarfélaga að fjárhæð 1.100 m.kr. fyrir árin 2022-2024. Þessum framlögum er ætlað að mæta umframkostnaði sveitarfélaga við innleiðingu laganna en hann felst fyrst og fremst í ákvæðum laganna um hlutverk tengiliða og málstjóra. Óheimilt er að nýta fjármagnið til að styrkja þjónustu sem sveitarfélög bera þegar ábyrgð á að veita á grundvelli annarra laga. Þar sem erfitt er að meta fyrir fram hver kostnaður sveitarfélaga á eftir að vera á næstu árum vegna tengiliða og málstjóra var ákveðið að festa framlögin ekki meira en í þrjú ár, sem er þá eins konar tilraunatímabil. Síðan verður árlegur raunkostnaður sveitarfélaga vegna verkefnisins metinn. Framlögin byggja á tillögu vinnuhóps á vegum ráðherra og eru útfærð í reglugerðum sem gefnar eru út árlega. Á grunni þeirra er fjárframlagi svo úthlutað til sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóð. Hjá Kópavogsbæ hefur fjárframlag verið nýtt til að styrkja hlutverk tengiliða í leik- og grunnskólum, ráða inn málstjóra á velferðarsvið og í verkefnastjórn innleiðingar.

SAMSTARF MENNTA- OG VELFERÐARSVIÐS KÓPAVOGS

Mennta- og velferðarsvið Kópavogs hófu formlegt samstarf með skipan stýrihóps í mars 2018 með það að markmiði að auka samvinnu á milli sviða og veita heildstæðari og betri þjónustu til íbúa. Vilji var til að efla stuðning við starfsfólk stofnanna meðal annars með bættu verklagi og skýrari verkaskiptingu á milli sviða. Í stýrihóp sitja stjórnendur allra málaflokka sem varða börn innan mennta- og velferðarsviðs. Á fundi stýrihóps mættu fjölmargir samstarfsaðilar með sérþekkingu á þeim málaflokkum sem undir sviðin heyra. Rúmlega 20 verkefni voru skilgreind og skipaðir vinnuhópar til að útfæra þau nánar. Þátttaka stjórnenda og starfsmanna úti á vettvangi var tryggð. Allir vinnuhóparnir sem skipaðir voru í upphafi samstarfs hafa lokið störfum og nýir tekið til starfa. Afrakstur vinnuhópa er m.a. vinnulýsingar um samstarf í mismunandi málaflokkum og í sumum tilvikum tillögur að breyttum vinnubrögðum eða áframhaldandi samstarfi og skýr ábyrgðarskipting í þeim verkefnum sem unnin eru í þágu barna og fjölskyldna þvert á svið. Verið er að setja allar nýjar vinnulýsingar inn í gæðakerfi Kópavogs CCQ.

Stýrihópnum fannst vanta nafn á samstarf sviðanna og að því væri sköpuð örugg umgjörð til framtíðar þannig að samstarfið yrði áfram skilvirkt og árangursríkt. „Fléttan“ varð fyrir valinu en starfsemi sviðanna fléttast saman á marga vegu þegar kemur að þjónustu við börn og fjölskyldur. Undir Fléttuna falla öll þau verkefni sem snúa að samstarfi sviðanna þegar kemur að börnum og fjölskyldum. Sum verkefnin varða samstarf sem er viðvarandi og tilheyra Fléttunni en önnur eru átaksverkefni sem

klárast. Öll þjónusta við börn og fjölskyldur á mennta- og velferðarsviði er nú farsældarþjónusta og af því leiðir að öll samstarfsverkefni sviðanna sem varða börn styðja við farsæld barna og því tölum við um **Fléttuna – farsæld barna**.

INNLEIÐING NÝRRRA LAGA UM SAMPÆTTINGU ÞJÓNUSTU Í KÓPAVOGI

Kópavogsbær hefur þegar stigið góð skref í átt til aukins snemmtæks stuðnings og meiri samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur. Til margra ára hefur þverfagleg teymisvinna og samstarf verið til staðar í málaflokki fatlaðra og Barnaverndar á velferðarsviði við leik- og grunnskóla menntasviðs í kringum börn og ungmenni með stuðningsþarfir. Á árinu 2021 var verkefnastjóri snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu ráðinn en hann hefur farið inn í nánast alla leikskóla bæjarins og alla grunnskóla ásamt fleiri stofnanna sem þjónusta börn með fræðslu um stuðning velferðarsviðs við börn og fjölskyldur, um tilkynningarskylduna og starfsemi Barnaverndar þar sem náðst hefur gott samtal um velferð barna. Innleiðing nýrra laga krefst hins vegar mikilla kerfisbreytinga á landsvísu og er stærsta samstarfsverkefni mennta- og velferðarsviðs Kópavogs hingað til. Innleiðingarteymi sviðanna hefur verið starfandi hjá Kópavogsbæ frá því að lögin tóku gildi sem hefur skilgreint og stýrt vinnu við þau verkefni sem ráðast þarf í svo innleiðing nýrra laga heppnist. Innleiðingarteymi starfar í umboði sviðsstjóra mennta- og velferðarsviðs en í samstarfi við stýrihóp Fléttunnar – farsældar barna. Í innleiðingar teymi sitja Ásdís Emilía verkefnastjóri skólaþjónustu leikskóla, Ingunn Mjöll verkefnastjóri á menntasviði, Jóhanna Lilja verkefnastjóri velferðarsviðs og Sólveig verkefnastjóri á menntasviði.

Mótun verklags í vinnslu

Þar sem lögin hafa þegar tekið gildi eiga sveitarfélög að fara af stað og bjóða upp á samþætta þjónustu og starfa í anda laganna á innleiðingartímabilinu. Þetta er ekki verkefni sem kemur fullmótað heldur verðum við að móta verklagið jafnóðum í samstarfi við þau sem veita börnum þjónustu í Kópavogi, önnur sveitarfélög og Barna- og fjölskyldustofu (BOFS). Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) er ný ríkisstofnun sem meðal annars veitir þjónustuveitendum barna og fjölskyldna ráðgjöf og stuðning og stýrir innleiðingu laganna á landsvísu. Við munum rekast á áskoranir en þær munu hjálpa okkur að móta betra verklag og færa okkur nær því kerfi sem við viljum byggja upp í Kópavogi.

Mikill undirbúningur hefur átt sér stað og mörg verkefni langt komin eða lokið. Leik- og grunnskólar hafa skilgreint tengiliði og gengið hefur frá ráðningu nýrra málstjóra sem staðsettir eru á velferðarsviði. Mannabreytingar eru í hópi málstjóra á haustmánuðum 2023 sem er að valda alvarlegri manneklu á velferðarsviði en fullmannað ætti að verða í janúar 2024. Ráðgjafi tengiliða í leikskólum hefur verið ráðinn inn til að styðja leikskólana við samþættingu á 1. stigi og samningur gerður við fyrrum verkefnastjóra skólaþjónustu um áframhaldandi þátttöku í innleiðingarteymi á grundvelli verktakasamnings.

Drög að verklagi við samþættingu þjónustunnar, eyðublöð og sniðmát liggja fyrir. Rafræn beiðni um samþættingu þjónustu er komin í loftið sem fyllt er út í samstarfi foreldra, barna og tengiliðs eða málstjóra. Önnur útgáfa fræðsluefnis til að kynna samþættingu þjónustu fyrir foreldrum og forráðamönnum (Fylgiskjal 2) er tilbúin á glæru og myndbandsformi. Kynningin er forsenda þess að beiðni um samþætta þjónustu sé sett af stað. Tryggja þarf að foreldrar og börn skilji það sem verið er að samþykkja sérstaklega með tilliti til persónuverndar. Búið að setja inn sniðmát að frummati

tengiliða, fundargerðum og stuðningsáætlunum inn í málakerfi bæjarins þar sem það er aðgengilegt tengiliðum og málstjórum. Formleg samþætting í málum tæplega 200 barna er farin af stað í leik- og grunnskólum í Kópavogi. Á næstu mánuðum er síðan áætlað að efla samstarf við heilsugæslustöðvar í Kópavogi og menntaskólann og þróa verklag í kringum samstarfið til að tryggja að ekki verði rof í þjónustu þegar mál færast á milli tengiliða.

Sameiginleg sýn og fræðsla

Á árinu 2022 gaf innleiðingarteymið sér góðan tíma í að fræða æðstu stjórnendur og starfsmenn innan stjórnsýslu mennta- og velferðarsviðs um inntak þeirra kerfisbreytinga sem felast í nýju löggjöfnni. Mikilvægt þótti að tryggja sameiginlega sýn þessara aðila áður en farið væri út í stofnanir bæjarins og aðrar skipulagseiningar sem þjónusta börn. Á árinu 2023 hefur farið af stað mikil fræðsla meðal tengiliða, málstjóra, stjórnendateyma leik- og grunnskóla og fleiri hópa starfsfólks. Innleiðingarteymi býður upp á skipulagða fræðslu og vinnustofur fyrir tengiliði, málstjóra og aðra áhugasama um samþættingu þjónustu, gerð frummats tengiliða, skrif fundargerða í samþættri þjónustu, gerð stuðningsáætlana o.fl. Einnig er hægt að óska eftir því að fá innleiðingarteymið í heimsóknir út í stofnanir þar sem veitt er ráðgjöf um samþættingu þjónustu auk þess sem alltaf er hægt að hafa samband við fulltrúa innleiðingarteymis varðandi stuðning og ráðgjöf við vinnslu mála. Innleiðingarteymi veitir einnig eftirfylgd með því að fylgjast með stöðu mála í skjalavistunarkerfi beiðna um samþætta þjónustu til að reyna að tryggja að allir leik- og grunnskólar samþætti þjónustu þegar það á við og fari eftir verklagi sem byggir á inntaki laganna. Verkefni næstu mánaða er síðan að tryggja fræðslu til allra sem starfa með börnum og fjölskyldum hjá bænum um markmið laganna, hlutverk sitt og hugmyndafræðina um snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu. Þegar hefur verið farið inn með slíka fræðslu í meirihluta leik- og grunnskóla og framundan er fræðsla til annarra sem starfa með börnum svo sem meðal dagforeldra og innan félagsmiðstöðva, íþróttafélaga o.s.fv. Í kjölfarið verður skipulögð fjölbreytt fræðsla til barna, forráðamanna og annarra íbúa bæjarins. Einnig þarf að auka aðgengi að upplýsingum um þá þjónustu sem Kópavogur veitir börnum- og fjölskyldum og um samþættingu þjónustunnar. Verið er að móta nýja farsældarsíðu á heimasíðu Kópavogsbæjar sem mun nýtast bæði íbúum bæjarins og starfsfólki við að nálgast upplýsingar.

FYLGISKJÖL

Fylgiskjal 1: Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Fylgiskjal 2: Kynningarefni fyrir foreldra um samþætta þjónustu.